

**100. fundur
fræðslunefndar
haldinn í fundarsal á 3. hæð,
mánudaginn 14. september 2009 og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Björn Sverrisson formaður, Hrefna Frímansdóttir, Ingveldur Eypórsdóttir, Gunnar Svanlaugsson skólastjóri grunnskóla, Sigrún Þórsteinsdóttir skólastjóri leikskóla, Elín Guðrún Pálsdóttir fulltrúi leikskólakennara og Arna Sædal Andrésdóttir, fundarritari.

Fundargerð ritaði: Arna Sædal Andrésdóttir.

Dagskrá:

1. 0909016 - Skýrsla Sigrúnar um starfið í leikskólanum (14.09.2009)

- Við opnuðum 10. ágúst eftir sumarfrí. Lokað var í fimm vikur í sumar.
- Núna eru 53 börn á skrá og fjögur sem eiga eftir að koma inn fram að áramótum. Þá verða 16 eins árs börn á Vík.
- Nú eru allra yngstu börnin saman á Vík, það eru börnin sem eru fædd 2008
- Á Nesi eru börn fædd 2006- og 7. Samtals 18 börn.
- Á Ási eru börn fædd 2004-og 5. Samtals 23 börn.
- Starfsmenn verða 21 í 16,77 stöðugildum, þegar allt er talið og afleysingarstaða mönnuð.
- Síðastliðinn vetur voru 17,50 stöðugildi og 64 börn þegar flest var.
- 18. september veður foreldrakaffi.
- Orri Páll Sigurðsson frá Landvernd kemur í leikskólann á starfsmannafund 29. september, þar ætlar hann að fara yfir grænfanaverkefnið okkar.
- 23. október verður lokað vegna starfsdags og þá kemur Kristín Hildur Ólafsdóttir leikskólakennari og verður með námskeið um skapandi starf í anda Reggio Emilia stefnunnar.
- Nokkrar breytingar urðu á starfsmannafundum og starfsdögum okkar í haust.
- Ásta Sigurbjörnsdóttir talmeinafræðingur kemur í leikskólann föstudaginn 18. september. Einnig hefur Fssf gert samning við Ingu Stefánsdóttur sálfræðing og kemur hún hingað miðvikudag 30. september, hún kemur í leikskólann einu sinnu í mánuði.

Fyrirspurn: Hvað var það sem sett var út á grænfanaverkefnið á sínum tíma? Það þyrfti að vera meira sýnilegt, koma börnunum meira inn í verkefnið og starfsfólkið meira samstíga.

2. 0909015 - Skýrsla Gunnars um starfið í grunnskólanum (14.09.2009)

- Septemberpunktar
Lagðir fram.
- Skóladagatal GSS 2009 – 2010
- Skólanámskrá GSS
Skv. fræðslulögum ber fræðslunefnd að samþykkja skólanámskrá á hverju ári. Skólanámskrá samþykkt samhljóða.
- Starfsmannamál
Nýjir starfsmenn: Heilsdagsskóli: Ragnheiður Jónsdóttir, Gunnhildur Gunnarsdóttir og Gunnlaugur Smáráson.
- Flutningur GSS að Borgarbraut og skipulag skólastarfs 2009 – 2010
Gunnar greindi frá helstu breytingum sem orðið hafa á skipulagi skólastarfsins vegna flutnings GSS að Borgarbraut.
Leiksvæði yngstu barnanna. Verið er að vinna að því að útbúa leiksvæði fyrir yngstu börnin, sunnan megin við skólann.

Fyrirspurn: Hvað er að fréttu af kúlunum sem vantar á hreistivöllinn?
Kúlurnar eru væntanlegar á allra næstu dögum.

Fyrirspurn: Fá 10. bekkingar að taka val í FSN í vetur? Nei, því miður. Margt sem liggur að baki, m.a. niðurskurður hjá menntamálaráðuneyti.

Fyrirspurn: Er útkennslustofan tilbúin? Nei, hún er í mótun.

3. Önnur mál.

- Fundartímar fræðslunefndar.
Að öllu jöfnu hefur verið boðað til fundar fyrsta miðvikudag í mánuði og verður reynt að halda því áfram.
- Stefnt er á að næstu fundur fræðslunefndar fari fram í húsakynnum GSS.

**Fleira ekki gert.
Fundargerðin upplesin og samþykkt.
Fundi slitið kl. 18.15**